

## 26. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 28. nóvember 2014 kl. 9:40 við Norðurgötu

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Berglind Hrönn Hlynsdóttir foreldrafulltrúi, Sigríður Salmansdóttir fyrir hönd starfsmanna, Arnheiður Jónsdóttir fulltrúi kennara, tveir fulltrúar nemenda þau Haukur Orri Kristjánsson og Hulda Ellý Jónsdóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ríkey Sigurbjörnsdóttir skólastjóri sem stjórnáði fundi.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt samhljóða. Undir þessum lið var Berglind Hrönn boðin velkomin til starfa í ráðinu.

### 2. Kynning á nýju námsvali í 10. bekk

Ríkey kynnti námsval í 10. bekk sem felst í iðngreinakynningu í samstarfi við Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra á Sauðárkróki. Nemendur fara á Sauðárkrók tvær helgar á vorönn þar sem þeir fá að kynna ýmsum iðngreinum. Nemendur gista í skólanum þessar helgar. Fundarmönnum leist vel á þessa nýjung.

### 3. Foreldrafundur í febrúar

Á skóladagatali er settur opinn foreldrafundur miðvikudaginn 4. febrúar í Tjarnarborg. Ræddar hugmyndir af deginum og hvaða fundarefni ætti að hafa. Ákveðið að reyna að fá kynfræðinginn Sigríði Dögg til að vera með kynlífsmæðu og jafnvel fræðslu fyrir nemendur í leiðinni. Einnig kom upp hugmynd að fá Vöndu Sigurgeirsdóttur ef Sigríður kæmist ekki. Ákveðið að skoða með að hafa súpufund um kl. 18:30 og reyna með því að fá fleiri foreldra á fundinn.

### 4. Vinna í skólanámskrágerð – grunnþættirnir sex

Búið er að vinna texta til að birta í skólanámskránni um sex grunnþætti menntunar skv. nýrri aðalnámskrá. Textinn var lesinn yfir á fundinum og lítilsháttar leiðréttur.

### 5. Fjárhagsáætlun

Tillaga skólastjóra að fjárhagsáætlun skólans kynnt en hún er nú til umræðu hjá bæjarráði og því á viðkvæmu stigi.

### 6. Önnur mál:

- upp kom hugmynd um að fá næringarfræðing til að taka út matseðla skólamötuneytanna. Stjórnendur taka að sér að búa til ályktun til bæjarins.
- heimanámsaðstoð á bókasafninu, þessi hugmynd var rædd á síðasta fundi skólaráðs en ekki verið unnið í henni meir. Hrönn Hafþórsdóttir tekur að sér að útfæra hugmyndina nánar og stefnt að því að byrja í janúar ef fólk fæst í verkefnið.
- Litlu jólin og útfærsla þeirra rædd.

Fundi slitið kl. 11:00

Guðrún Unnsteinsdóttir